

**Mímisvegur 2. 1948** (Landnúmer: 151633 Fastanúmer: 2155088).  
(Landnúmer: 151633 Fastanúmer: 2155089).

*Fundargerð 11. júlí 1948:*

Beiðni hreppsnefndar um leyfi til byggingar á íbúðarhúsi fyrir skólastjóra Barnaskólans, á lóð nr. 2 við Mímisveg. Uppdráttur fylgir.

Nefndin hefur ekkert við uppdráttinn að athuga og samþykkir beiðnina.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*).

Eigandi Dalvíkurbær. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak járnklætt. Loft timbur, gólf og stigi steinsteypt, skilrúm úr steinsteypu og timbri. neðri hæð skipt í 8 hólf með uppgöngu á 2. hæð. Efri hæð skipt í 6 hólf. Stærð: 9,35 x 8,70 x 6,80. Alls 152,2 m<sup>2</sup>. og 441,5 m<sup>3</sup>.



*Stutt saga húss:*

Í gjörðarbók bygginganeftndar Dalvíkurhrepps frá 11. júlí 1948 kemur fram beiðni um leyfi til byggingar á íbúð fyrir skólastjóra barnaskólans, á lóð nr. 2, við Mímisveg. Leyfið var veitt og húsið byggt. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak bárujárnsklætt. Loft úr timbri, gólf og stigi steinsteypt, skilrúm úr steinsteypu og timbri. Neðri hæð skipt í 8 hólf með uppgöngu á 2. hæð. Efri hæð skipt í 6 hólf. Húsið hefur í alla tíð verið í eigu sveitarfélagsins og notað fyrst sem skólastjóraíbúð en seinna sem almenn kennaraíbúð.



*Athugasemd um húsið:*

Húsinu hefur alla tíð verið haldið allvel við. Búið er að skipta um þak og einangra það upp á nýtt með steinull. Við það tækifæri var reykháfur fjarlægður, einnig var þakjárn framlengt út yfir steypu þakrennurnar sem upphaflega voru, en settar nýjar utanáliggjandi rennur í staðinn. Húsið hefur verið einangrað að utan með 3ja tommu einangrun í timburgrind og vindpappi negldur á grindina og húsið klætt utan með trapísstáli. Búið er að skipta um gler í gluggum en þeir látnir halda últiti sínu.



*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 838,6 m<sup>2</sup>. og er hún í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið er hornhús og stendur við miklar umferðargötur, Mímisveg og Bjarkarbraut. Engin girðing er í kringum lóðina en lágvaxið skjólgirði er á lóðarmörkum og grenitré sunnan húss. Malar-bílastæði er austan við húsið og steypit stétt að útidyrum. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess. Stálklæðning hússins hæfir því illa.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1948-1974	<b>Dalvíkurhreppur</b>	
1948-1959	Steingrímur Bernharðsson Guðrún Friðriksdóttir	Friðrik (1945) Bernharð (1948) Bergur (1954)
1959-1966	Helgi Þorsteinsson Svanhildur Björgvinsdóttir	
1968-	Július Jón Daníelsson Þuríður Árnadóttir	Árni Daníel (1959) Anna Guðrún (1961)
1974-1998	<b>Dalvíkurkaupstaður</b>	
1975-1979	Sæmundur E Andersen Tordis Lillian Andersen	Emil Magni (1957) Sæmundur Hrafn (1959) Birgitta Hrönn (1963) Dúi Kristján (1964)
1977-1981	Guðmundur Ingi Jónatansson Guðrún Katrín Konráðsdóttir	Eva Björg (1970) Þorgerður Kr. (1977)
1981-1982	Ásmundur Sverrir Pálsson Ásthildur Bjarnadóttir	Vigdís Þýrí (1973) Bryndís Vala (1978)
1983-1984	Indriði Jónsson Valgerður Anna Þórisdóttir	
1983-1987	Kristján R Kristjánsson	
1985-1987	Agga Hrönn Hauksdóttir	Birgir Már Hannesson (1977) Guðrún Inga Hannesdóttir (1979)
1987-1989	Sigríður Gunnarsdóttir	
1998	<b>Dalvíkurbyggð</b>	
1989-1990	Sigurður Ingi Jónsson	
1990-1993	Gísli Bjarnason	
1990-1991	Hólmgírmur Kristján Heiðreksson	
1992-1995	Jan Erik Murtomaa Ingveldur Lára Þórðardóttir	
1992-1997	Kristín Jónína Gísladóttir	
1992-1997	Steingrímur Bjarni Erlingsson	
1995-1996	Inga María Stefánsdóttir	Dana Ýr Antonsdóttir (1988)

1996-1999	Þórgunnur R. Vigfúsdóttir	Andrea Sig Hilmarsdóttir (1991)
1997-1998	Heiða Gunnarsdóttir	
1998-1999	Sigurlaug Elsa Heimisdóttir	
1999-2000	Gunnur Björk Hlöðversdóttir	
1999-2001	Hafdís Jóhannsdóttir	
2000-2004	Hulda Signý Gylfadóttir	
2001-	Magnús Jón Helgason	
2005-2009	Skapti Þór Runólfsson	
2009-	Zenel Krasniq Kumrije Krasniqi	Erlinda Krasniqi (2003) Elion Krasniqi (2005) Edon Krasniqi (2010)

## Mímisvegur 4. 1948

(Landnúmer: 151635 Fastanúmer: 2155091) (Landnúmer: 151635 Fastanúmer: 2155092).

### Fundargerð 1. ágúst 1947:

Lagt fram bréf frá Jóhönnu Þorsteinsdóttur v/ Hannesar Þorsteinssonar þar sem óskað er eftir leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð nr. 2 við óbyggða götu vestur af Björk. Beiðninni fylgir teikning af húsinu. Byggingarnefndin var sammála um teikningarnar athugasemdaust.



(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*).

Eigandi neðri hæðar Guðrún Klemensdóttir, efri hæðar Valur Hauksson. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak pappaklætt. Efsta plata og gólf steinsteypt, skilveggir úr steinsteypu og timbri. neðri hæð skipt í 10 hólf. Alls 86,9 m<sup>2</sup> og 234.6 m<sup>3</sup>.

Efri hæð skipt í 8 hólf með stigauppgangi. Henni tilheyrir hálf forstofa og þvottahús á neðri hæð. Alls 99,5 m<sup>2</sup>. og 296,5 m<sup>3</sup>. Stærð húss: 10,45 x 8,20 x 5,40 og 5,00 x 1,50 x 5,40.

### Stutt saga húss:

Í gjörðarbók bygginganefndar Dalvíkurhreppa far 1. ágúst 1948 kemur fram beiðni frá Jóhönnu Þorsteinsdóttur f.h. Hannesar Þorsteinssonar þar sem óskað er eftir leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð nr.2. við óbyggða götu vestan við Björk, (Mímisvegur). Leyfið var veitt og húsið byggt í fúnkís-stíl. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak pappaklætt. Efsta plata og gólf steinsteypt, skilveggir úr steinsteypu og timbri. neðri hæð skipt í 10 hólf. Efri hæð skipt í 8 hólf með stigauppgangi. Fljótlega eftir 1950 keypti Valdimar Sigtryggsson neðri hæð hússins og eftir það hefur húsið verið tvíbýlt. Jóhanna bjó áfram á efri hæðinni erfir fráfall manns síns 1957 þar til hún flutti burt og seldi Val Haukssyni og Marsibil Sigurðardóttur íbúðina. Síðan hafa margir átt hæðina en núverandi eigandi eru Haukur S Valdimarsson og Margrét Kristinsdóttir. Valdimar Sigtryggsson og Guðmunda Helgadóttir bjuggu á neðri hæðinni til 1970 þegar Guðrún Elín Klemensdóttir frá Brekku keypti hæðina og bjó þar sinn starfstíma á Dalvík. Hjörleifur Halldórsson keypti af Gennellu árið 2003 og selur núverandi eiganda Gunnlaugi Sigvaldasyni árið 2008.



### Athugasemd um húsið:

Húsinu hefur verið haldið vel við en engar verulegar breytingar verið gerðar á því. Einhvertíma fyrir 1980 var skipt um glugga í húsinu og þeim lítillega breytt. Áður voru gluggar með tveimur standandi póstum og einum liggjandi pósti ofantil. Þeim var breitt þannig að nú er einn standandi póstur sem skiptir glugganum í tvö hólf, annað stórt en hitt mjótt og langt með lausu fagi. Meðan Sigvaldi Gunnlaugsson átti þar frá 1990 til 1991 létt hann fara í þakið, einangra upp á nýtt og skipta um járn. Við það tækifæri var múrpípan fjarlægð, auk einhverra breytinga innanhúss. Ásgeir Páll Matthíasson og kona



hans Auður Helgadóttir áttu íbúðina 1997 til 2000. þau létu setja útitröppur úr stálgrind og timbri austan hússins og upp á svalir sem þar voru. Áður hafði verið sameiginlegur innangangur um litla forstofu að austan. Þau skiptu einnig um allar innihurðir.

Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Stærð lóðar 750,0 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Enginn girðing er á lóðarmörkun við götu eða til hliðar en á baklóð er steinsteypt girðing. Á lóðinni eru stór aspartré og lægri birkitré og skjólgirði. Malarbílaplan er austanvið húsið.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1948-1957 -1973	<b>Hannes Þorsteinsson</b> <b>Jóhanna Þorsteinsdóttir</b>	Skafti S. (1947)
1968-1972	Skafti S Hannesson Elín Antonsdóttir	Hanna María (1967) Sigurlaug Ásgerður (1969)
1974-1978	<b>Willard Helgason</b> <b>Pórunn Þórðardóttir</b>	
1974-1975	Svanfríður Inga Jónasdóttir	Pétur Björnsson (1971)
1978-1983	<b>Agga Hrönn Hauksdóttir</b>	Birgir Már Hannesson (1977)
1979-1983	<b>Hannes Sveinbergsson</b>	Guðrún Inga (1979)
1983-1990	<b>Valur Hauksson</b>	
1986-1990	<b>Marsibil Sigurðardóttir</b>	
1990-1991	<b>Sigvaldi Gunnlaugsson</b> <b>Hulda Svanbergsdóttir</b>	Gunnlaugur (1989)
1991-1992	Katrín Fjóla Guðmundsdóttir	Ívar Örn Pétursson (1985) Helga Sif Pétursdóttir (1989)
1992-1996	<b>Rúnar Helgi Kristinsson</b> <b>Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir</b>	Agnes Sara (1998) Kristinn Þeyr (1993)
1997-2000	<b>Ásgeir Páll Matthíasson</b> <b>Auður Helgadóttir</b>	
2000-2001	<b>Helgi Heiðar Björnsson</b> <b>Sigrún Friðriksdóttir</b>	
2001-2007	<b>Þorvaldur Óli Traustason</b> <b>Arnleif Gunnarsdóttir</b>	Róbert Már (1978) Anna Björg (1989)
2001-2002	Róbert Már Þorvaldsson	

2007-2012	<b>Sigurður Gunnarsson</b>	
2005-2007	Anna Jablonska Anna Katarzyna Lata Katarzyna Anna Jablonska	
2008-	Aradiusz Andrzej Kieszkowski Justyna Izabela Dziedzic	Hubert (2009) Hanna (2012)
2008-2011	Katarzyna Iwona Kozlowska	Patrycja Katarzyna (1997)
2008-2011	Marcin Jan Dziedzic	
2009-2011	Marian Kozłowski	
2010	Isabela Patrycja Kulikowska	
2012-	<b>Haukur S Valdimarsson</b> <b>Margrét Kristinsdóttir</b>	Erna Kristín Hauksdóttir (1975)
<i>Neðrihæð</i>		
1948-1970 -1964	<b>Valdimar Sigtryggsson</b> Guðmunda Helgadóttir	
1950-1951	Arngrímur Stefánsson Kristjana Sigurðardóttir	Sigrún (1943) Kolbrún (1944) Margrét (1946) Anna Kristín (1948) Stefán (1951)
1967-	Anna Jóhannsdóttir	
1970-2003	<b>Guðrún Elín Klemensdóttir</b>	Halldór Ingi Ásgeirsson (1962)
1994-2005	Halldór Ingi Ásgeirsson	
2003-2007	<b>Hjörleifur Halldórsson</b>	
2008-	<b>Gunnlaugur Sigvaldason</b>	